

Fundargerð fræðslunefndar Skagastrandar

Fundur var haldinn miðvikudaginn 24. september 2025 kl. 12:00, í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Ástrós Elísdóttir, Judith Maria Scheja, Þórey Fjóra Aradóttir og Guðni Már Lýðsson.

Fulltrúar grunnskóla: Guðrún Elsa Helgadóttir, sitjandi skólastjóri, Berglind Sólrós Helgadóttir, fulltrúi kennara, og Ástrós Villa Vilhelmsdóttir, fulltrúi foreldra.

Fulltrúar leikskóla: Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir, leikskólastjóri og Sesselja Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks.

Fulltrúi tónlistarskóla: Hugrún Sif Hallgrímsdóttir, tónlistarskólastjóri.

Aðrir: Krístrún Lind Birgisdóttir frá Ásgarði, skólaráðgjöf og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Ástrós formaður stýrði fundinum og Krístrún ritaði fundargerð.

Starfsáætlanir skólanna

Ástrós kynnti hlutverk starfsáætlana og fór yfir þætti sem yrðu teknir fyrir á fundinum, þ.á.m. starfsáætlun innra mats – yfirlit yfir helstu umbætur sem fyrirhugaðar eru, þróunarverkefni og/eða önnur áherslumál auk meginmarkmiða vetrarins og helstu áherslna í skólastarfi skólanna þriggja.

Starfsáætlun Höfðaskóla

Guðrún Elsa fór yfir starfsáætlun Höfðaskóla. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir starfsfólki og skipuriti og starfsáætlunin uppfyllir flestar kröfur. Meginmarkmið vitarins og vinna með námsvísa og endurskoðun á hæfiviðmiðum aðalnámskrár og eðli og inntaki skólanámskrár skólans. Námsmat fer nú yfir jafnóðum og námsmat við lok hvernar lotu, meiri upplýsingar fyrir nemendur og foreldra. Komið inn á heimasíðu skólans bæði námsvísirinn og kennsluáætlanir skólans.

Verið að innleiða Námfús, nýtt námsumsjónarkerfi sem er vinna og þróun sem mun standa yfir í vetur. Markmiðið er að endurskoða nokkrar áætlanir skólans í vetur sem betur verður gerð grein fyrir í vor.

Áhersla á að innra matið muni skýra smám saman stöðu skólans gagnvart innra mati skólans þannig að sú heildarmynd verði skýrari strax í vor.

Starfsmannafjöldinn er aðeins á reiki og töluverð forföll sem deildarstjóri og skólastjóri hafa þurft að sinna en það standa vonir til þess að það leysist þegar líða fer á október. Um leið og líða fer á október verður aukin áhersla á stoðþjónustu og umbætur í innra mati og á stjórnun.

Starfsáætlun Barnabóls

Lilja Guðlaug fór yfir tölulegar upplýsingar fyrir skólaárið. Nemendur eru 30 á haustönn og fara í 36 á vorönn. Veturinn byrjar rólega, nýju börnin eru ung börn sem verða tekin inn í febrúar. Tvítyngd börn eru tvö. Starfsfólk eru 12 auk ræstinga. Bradford kvarðinn er að virka og skilar betri mætingu hjá starfsfólki.

Innra mat samanstendur að mestu af Skólapúlsinum og svo er könnun Hjallastefnunnar annað hvert ár. Gæðainnlit eru framkvæmd frá Hjallastefnunni. Ákveðið hefur verið að hætta með Karellen en ekki búið að ákveða hvað kemur í staðinn. Annað stórt skref sem búið er að taka er að verið er að innleiða Microsoft í stað Google.

Helstu umbætur á húsnæði eru að það stendur til að skipta um vegg á suðurhlið byggingarinnar og útihurð, og skipta um sand – það er kominn nýr sandur. Engin þróunarverkefni sem liggja fyrir en áhersla á Hjallastefnu og stefnu sveitarfélagsins.

Starfsáætlun Tónlistarskóla Austur-Húnavetninga

Á fundi sveitarstjórnar þann 17. september sl. voru gerðar breytingar á samþykktum sveitarfélagsins. Þær fela m.a. í sér að fræðslunefnd fer nú með verkefni sem heyra undir tónlistarskólann líkt og gildir um aðrar skólastofnanir í sveitarfélaginu. Hugu Sif skólastjóri tónlistarskólans fór yfir í starfsáætlunina. Verið er að auka hópkenndu í skólanum. Tónviska er kerfið sem heldur utan um starfið. Helstu áskoranir skólans eru húsnæðismál. Skólinn er bæði á Blönduósi og Skagaströnd. Draumur Hugu Sifjar er að komast inn í Höfðaskóla með starfseminu á Skagaströnd. Söngur er vinsælasta greinin sem stendur.

Starfsemi skólanna - samræmi við Menntastefnu

Guðrún Elsa, Lilja Guðlaug og Hugu Sif fóru yfir það á hvaða hátt starfsemi hvers skóla fyrir sig rímar við þá menntastefnu sem Sveitarfélagið Skagaströnd hefur sett sér.

Eins og staðan er núna liggur ekki mikið fyrir af gögnum til að skýra ítarlega hver staðan er hjá skólunum gagnvart menntastefnunni. Öll skólastig munu á komandi skólaári safna gögnum sem að skýra þá stöðu betur. Næsta haust ætti staðan að vera skýrari með stuðningi skólaþjónustu við innra mat.

Forföll og leyfi starfsfólks

Guðrún Elsa, Lilja Guðlaug og Hugu Sif fóru yfir stefnu varðandi forföll og leyfi starfsfólks og núverandi stöðu þeirra mála. Viðmið í grunnskólanum að það séu bara tveir í leyfi í einu. Það sem er óskýrt eru reglur um leyfi og fyrirkomulag styttingar þarf að endurskoða í ljósi reynslunnar á sl. árum, bæði á Skagaströnd og víðar. Í vinnslu og á borði sveitarstjóra. Hugmyndir ræddar.

Önnur mál

Engin önnur mál borin upp.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:45.

Ástrós Elísdóttir

Judith Maria Scheja

Pórey Fjóra Aradóttir

Guðni Már Lýðsson

Guðrún Elsa Helgadóttir

Berglind Sólrós Helgadóttir

Ástrós Villa Vilhelmsdóttir

Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir

Sesselja Guðmundsdóttir

Hugrún Sif Hallgrímsdóttir

Kristrún Lind Birgisdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Þórey Fjóra Aradóttir

Guðni Már Lýðsson

Ástrós Elísdóttir

Kristrún Lind Birgisdóttir

Berglind Sólrós Helgadóttir

Guðrún Elsa Helgadóttir

Ástrós Villa Vilhelmsdóttir

Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir

Sesselja Guðmundsdóttir

Undirritunarsíða

Hugrún Sif Hallgrímsdóttir

Judith Maria Scheja